

Skráning á umboði fyrir launagreiðendavef Landsbankans

Ef annar en prókúruhafi fyrirtækis sér um skil á líffeyrisgreiðslum þarf prókúruhafi að gefa viðkomandi heimild til þess. Prókúruhafi þarf að skrá sig inn með eigin Íslykli eða rafrænum skilríkjum á island.is til að veita umboðið. Starfsfólk sem fær umboðið skráir sig svo inn á launagreiðendavefinn með sínum persónulegu rafrænu skilríkjum.

Leiðbeiningar um skráningu umboðs

- 1 Umboðsveitandi skráir sig inn á [Mínar síður](#).
- 2 Við innskráningu birtist yfirlitssíða, smellt er á **Stillingar/Nafn** efst í hægra horni og valið **Umboðskerfi**.
- 3 Haka í **Fyrirtæki/stofnun** og velja fyrirtæki sem veita á umboð fyrir.
- 4 Kennitala þess aðila sem á að fá umboð er skráð.
- 5 Í reitinn **Þjónusta** er valið: [Landsbankinn – launagreiðendur.landsbankinn.is](https://launagreiðendur.landsbankinn.is) (ekki þarf að velja flokk).
- 6 Hakað er við umboðshlutverk **Launafulltrúi**.
- 7 Skrá þarf gildistíma umboðs.
- 8 Velja **Vista** og **Staðfesta**.
- 9 Aðili, sem fengið hefur umboð, getur nú skráð sig inn á launagreiðendavef með sínum eigin rafrænu skilríkjum.
- 10 [Nánari leiðbeiningar](#)